— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um ferðastyrk stúdenta til há-** **216**
skólans. — Gísli Guðmundarson, stúdent frá lærða skólanum í Reykjavík, hafði ferðazt 20. oktbr.
hingað til háskólans á þann hátt, að hann fór frá Íslandi til Leith með eimskipinu Camoens, þaðan með eimskipi til Hamborgar og svo áleiðis til Kaupmannahafnar; kostaði ferðalag þetta hann 219 kr. 5 au. og sótti hann svo til ráðgjafans um að fá þessa upphæð endurgoldna; og í dag hefir ráðgjafinn eftir atvikum veitt honum ferðastyrk þennan, er hann sótti um, og gjört ráðstöfun til, að honum verði greidd upphæðin úr aðalfjárhirzlunni sem gjaldgrein fyrir hönd jarðabókarsjóðsins íslenzka.

Jafnframt því, sem jeg tjái yður þetta þjónustusamlega, herra landshöfðingi, skal jeg jafn-þjónustusamlega á yður skora að annast um, að það verði kunngjört þeim, er hlut eiga að máli, að íslenzkir stúdentar, sem ferðast hingað til háskólans, geta eigi framvegis átt von á því, að þeim verði endurgoldinn sá hluti ferðakostnaðar þeirra, sem fer fram yfir þá upphæð, er ferðin mundi kosta með einhverju af pósteimskipunum; og eins, að þess muni krafizt, að beiðni þeirra um endurgjald ferðakostnaðar verði fylgja látnir kvíttjeraðir reikningar fyrið greiðslu fargjalds og fæðis á skipinu.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um viðbót við eptirlaun fátækra** **217**
uppgjafapresta. — Af tje því, sem veitt er í 13. gr., A, b, 4 fjárlaganna, hafði hin íslenzka 13. nóvbr.
sýnóda upphaflega ætlað þeim uppgjafa-prestum, er lausn höfðu fengið eptir að lögin um eptirlaun presta 27. febr. 1880 náðu gildi, 240 kr.; en í ráðgjafabrjefi 26. ágústm. þ. á. er svo mælt, að heimild bresti til að verja fjenu til styrktar þessum prestum. Hafið þjer svo, herra landshöfðingi, með þóknanl. brjefi dags. 12. þ. m. skotið því til úrlausnar ráðgjafans, hvort eigi megi nú skipta fje þessu samkvæmt ákvörðun, er stiptsyfirvöldin hafa um þetta gjört með heimild sýnódunnar, milli 5 uppgjafapresta, er þjer nefnið í brjefi yðar og lausn höfðu þegið áður en lögin 27. febr. 1880 náðu gildi.

Af tilefni þessu skal eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn hefir ekkert á móti að upphæðinni, sem um er að ræða, verði skipt milli uppgjafapresta, sem lausn hafa þegið áður en ofannefnd lög náðu gildi.

— **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Skaptafellssýslu* **um bústað sýslumanns-** **218**
ins. — Í brjefi frá 5. þ. m hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt mjer frá, að þjer hafið í 23. nóv.
hyggju að breyta um bústað og að setjast fyrst um sinn að á Kálfafelli í Fljótshverfi og getið þjer þess, að þjer hafið borið mál þetta undir hvern einstakan sýslunefndarmann í báðum Skaptafellssýslunum og að enginn þeirra hafi haft neitt á móti því.

Fyrir því vil jeg tjá yður að jeg fellst á að bústaður yðar verði fyrst um sinn á Kálfafelli í Fljótshverfi.

— **Brjef landshöfðingja** *til Hannesar stýrimanns Hafliðasonar* **um styrk til að kenna** **219**
sjómannafræði. — Út af beiðni yðar í brjefi frá 25. þ. m. vil jeg tjá yður, að jeg sje 23. nóv.
fús á að veita yður 40 kr. styrk fyrir hvern pilt, sem þjer í vetur kennið stýrimannafræði, þó ekki meira en alls 200 kr., með því skilyrði, að kunnátta lærisveina yðar verði að liðnum kennslutímanum reynd með opinberu prófi, er stiptsyfirvöldin kveðji prófdómanda að, og að það þá komi fram, að piltarnir hafi tekið þeim framförum í sjómannafræði,

29. dag desbr.mánaðar 1882.

Reykjavík 1882. Einar Þórðarson.

219 sem búast megi við eptir góða og hentuga kennslu vetrarlangt. Undir eins og þjer af-
23. nóv. hendið vottorð prófdómandanna um það, mun styrkurinn verða yður útborgaður.

220 — **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* **um**
27. nóv. **álag á umboðsjörð.** — Um leið og jeg endursendi yður, herra amtmaður, hjálagða úttekt-argjörð fyrir Möðruvallaklaustursjörðunni Björgum, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar frá 5. þ. m., get jeg þess, að jeg því síður sje mjer fært að gefa nokkuð eptir af álagi því á hús þessarar jarðar, er landssjóðnum ber, sem það í tillögum umboðsmannsins frá 4. maí þ. á. um að sameina tjeða jörð við Möðruvelli var talin ein ástæða, er mælti fram með þessari sameiningu, að landssjóðnum áynnist talsvert álag á húsin, er lægju við falli.

221 — **Brjef landshöfðingja** *til hjeraðslæknis Páls Blöndals* **um lán úr viðlagasjóði gegn**
27. nóv. **veði í lífsábyrgðarskírteini.** — Til svars brjefi yðar, herra læknir, dagsettu 20 þ. m., þar sem þjer sækið um lán úr viðlagasjóði gegn veði í lífsábyrgðarskírteini, læt jeg eigi undan falla að tjá yður, að samkvæmt fyrirmælum í ráðgjafa-brjefi 28. marz 1876 (Stj.tíð. 1876, B. 23.) brestur heimild til að veita lán úr viðlagasjóði gegn slíku veði.

222 — **Brjef landshöfðingja** *til landfógeta* **um útborgun á launum hreppstjóra.** — Um
28. nóv. leið og jeg endursendi hjálögð skjöl, er jeg meðtók í dag með 2 þóknanlegum brjefum yðar, herra landfógeti, frá 25. þ. m., get jeg þess, að jeg er yður samdóma um, að engin heimild hafi verið til þess, að greiða hreppstjórum í síðast liðnum fardögum laun fyrir allt árið 1882, og að ekki geti komið til tals að samþykkja upphæðir þær, sem bera hinum einstöku hreppstjórum, fyrr en búið er að endurskoða viðkomandi sýslureikning í heild sinni, sbr. að öðru leyti brjef landshöfðingja 26. júní þ. á. (Stjórnartíðindi, 1882 B. 115).

223 — **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu* **um útborg-**
20. des. **un á launum hreppstjóra og skil fyrir þeim.** — Í brjefi til amtmannsins yfir suður- og vestur-umdæminu hafið þjer, herra sýslumaður, spurt, hvort hreppstjórar samkvæmt lögum 13. jan. þ. á. (A. 3.) eigi kröfu til launa fyrir tímabilið frá 1. jan. til 6. júní þ. á., eptir hvaða hlutfalli eigi að reikna þessi laun, og hver skil beri að gjöra fyrir þeim.

Fyrir því vil jeg vísa yður til brjefs landshöfðingja frá 26. júní þ. á. (B. 115); þar sem leyft er að greiða hreppstjórum í laun fyrir tímabilið frá 1. jan. til fardaga þ. á. 43 aura fyrir hvern búandi mann innanhrepps, sem býr á jörðu eða jarðarparti, sem metinn sje ekki minna en 5 hundruð.

Jeg álít rjettast, að gjald þetta verði ritað útgjaldamegin í manntalsreikninginn sem borgun uppí ábúðar- og lausafjárskattinn, að þessum gjaldlið verði látin fylgja skrá yfir þær upphæðir, sem borgaðar hafa verið hverjum hreppstjóra um sig, og að kvittanir hinna einstöku hreppstjóra verði látnar fylgja þessari skrá, og gjöri jeg ráð fyrir, að skilríkin fyrir ábúðar- og lausafjárskattinum muni innihalda allar þær skýringar, er nauðsynlegar sjeu til að komast að raun um, hvort hinar einstöku upphæðir hafi verið rjett reiknaðar, sjer í lagi skýrslur um alla búendur í hverjum hreppi og um það, á hve mörgum jarðarhundruðum eptir nýju mati hver þeirra búi.